



Í Prastaskógi.

Aðalfundur Félags iðn- og tæknigreina

Verður haldinn laugardaginn 31. mars 2007 í Akogessalnum Sóltúni 3 kl. 10:00

Dagskrá:

1. Skýrsla félagsstjórnar um starf félagsins á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til umræðu og afgreiðslu.
3. Ákvarðanir teknar um ávöxtun sjóða félagsins.
4. Lagabreytingar, tillaga stjórnar um breytingar á 1., 3. og 4. grein.
5. Tillögur að breytingum á reglugerð sjúkrasjóðs til samræmis við viðmiðunarreglugerð ASÍ.
6. Kjöri stjórnar, trúnaðarráðs og samninganefndar, kjörstjórnar, uppstillinganefndar og skoðunarmanna reikninga lýst.
7. Tillaga um fulltrúa á ársfund ASÍ 2007.
8. Tillaga um fulltrúa á ársfund Sameinaða lífeyris-sjóðsins 2007.
9. Tillaga um fulltrúa á 5. þing Samiðnar.
10. Önnur mál.

Veitingar í boði félagsins að fundi loknum.

Stjórnin

Félagið veitir ferðastyrk til þeirra félagsmanna sem búa í meira en 40 km. fjarlægð frá fundarstað.

Ársreikningur 2006 og breytingartillögur við lög og reglugerðir liggja frammi á skrifstofu félagsins.

IÐAN - fræðslusetur ehf

IÐAN – fræðslusetur ehf. varð til við samruna fjögurra fræðslumiðstöðva í iðnaði og ferðaþjónustu s.l. vor. Um áramótin bættist síðan Fræðslumiðstöð bílgreina í hópinn. Eigendur IÐUNNAR eru: Samtök iðnaðarins, Samiðn, MATVÍS, Félag bókagerðarmanna, FIT og Samtök ferðaþjónustunnar.

Lengi hefur verið talað fyrir aukinni samvinnu eða samruna þessara fræðslumiðstöðva og slíkur samruni talinn vera í takt við þróunina í atvinnulífinu. Hagsmunagæsla og þjónusta við fyrirtæki er í minnkandi mæli tengd atvinnuvegum eða einstökum starfsgreinum heldur leggur atvinnulífið áherslu á sambærileg skilyrði fyrir öll fyrirtæki. Meðal slíkra skilyrða er gott aðgengi að vel menntuðu og færu starfsfólki. Í byrjun árs 2006 tókust samningar um stofnun IÐUNNAR fræðsluseturs. Í samstarfs-samningi stofnaðila er m.a. kveðið á um að IÐAN skuli starfrækja sí- og endurmenntun og jafnvel meistaranám. IÐAN mun taka þátt í rannsóknar- og þróunarverkefnum um iðnmenntun og hæfni í iðnaði.

Stofnaðilar vilja sjá IÐUNA vinna eftirfarandi verkefni á næsta áratug:

- IÐAN bjóði fjölbreytt nám á framhalds- og háskólastigi.
- Greini þarfir iðnaðarins fyrir þekkingu starfsmanna. Fyrirtæki geri ráð fyrir IÐUNNI við uppbyggingu eigin starfsmannastjórnunar.
- Annist þróunarstarf fyrir menntamálaráðuneytið í iðn- og starfsmenntun.



- Annist ráðgjöf í fyrirtækjum, aðstoði við að móta menntastefnu og starfsþróun.
- Upplýsingatorg Iðunnar veiti upplýsingar um iðnnám, símenntun iðnaðarmanna og annað nám sem varðar iðnaðinn. IÐAN taki yfir upplýsingavefinn www.idan.is um nám og störf sem Samtök iðnaðarins komu á legg og hafa rekið undanfarin ár.

Hlutverk IÐUNNAR er fyrst og fremst að bæta hæfni fyrirtækja og starfsmanna í bílgreinum, bygginga- og málmiðngreinum, prentiðnaði og matvæla- og veitingagreinum.

Með stofnun IÐUNNAR er komið tækifæri til að þjóna þessum iðngreinum með miklu markvissari hætti en verið hefur. Fyrst má nefna að daglegur rekstur og skrifstofuhald er á einni hendi. Í öðru lagi verður auðveldara að sameinast um meiri straumlinulögun í úrvinnslu verkefna. Verkefni, sem áður voru unnin með ýmsum hætti hjá fræðslumiðstöðvunum, eru nú á einni hendi svo sem samskipti við menntamálaráðuneyti og iðn- og verkmenntaskóla.

IÐAN - fræðslusetur myndar öflugan grunn fyrir hvers konar kynningarstarf.

Breiður starfsvettvangur gefur færi á auknu samstarfi starfsgreina í menntamálum.

Stækkun IÐUNNAR

Frá stofnun hefur IÐAN stækkað töluvert, þar ber fyrst að nefna að í desember var skrifað undir viljayfirlýsingu við Bílgreinasambandið og Félag iðn- og tæknigreina þess efnis að Fræðslumiðstöð bílgreina og IÐAN sameinuðust. Þar með er bílgreina-svið orðið fimmta svið IÐUNNAR. Fyrir voru bygginga- og mannvirkja-svið, mál- og véltæknisvið, prentæknisvið og matvæla- og veitinga-svið.

Einnig voru undirritaðir samstarfs-samningar við Félag vélstjóra og málmtæknimanna - VM, og Meistarasamband byggingamanna, Múrarafélag Reykjavíkur og Sveinafélag pípulagningamanna þess efnis að IÐAN - fræðslusetur taki að sér símenntun félagsmanna.

IÐAN sinnir því í dag rúmlega 15 þúsund aðildarfélögum, einstaklingum og fyrirtækjum.

Horft til framtíðar

Þegar horft er til framtíðar er lögð áhersla á að ná virkni meðal aðild-



FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA

Fréttabréf

Félag iðn- og tæknigreina

Borgartúni 30 - Sími 535 6000

Ábyrgðarmaður:
Hilmar Harðarson.
2. tbl. 5. árg. mars 2007

Prentumsjón:
Stafræna prentsmiðjan ehf - www.smidjan.is

arfélaga, þ.e. að 25% af virkum aðild-
arfélögum í hverri grein fari í gegnum
um símenntun árlega.

Að ÍÐAN sé þekkt fyrir faglegar
áherslur og nálganir viðfangsefna og
að litið sé til ÍÐUNNAR þegar nýjungar
í fagmenntun og fagi ber á góma. Að
símenntun ÍÐUNNAR sé viðurkennt
framhaldsnám sem lúti öflugum
gæðastöðlum.

Umsýsla námssamninga og sveinsprófa

Námssamningar

- Móttaka umsókna fyrir náms-
samninga
- Skráning gagna
- Staðfesting námssamninga
- Umsýsla námssamninga

Þegar nemi og meistari ákveða að
gera samning um starfsþjálfun nemans
senda þeir umsókn um gerð náms-
samnings til ÍÐUNNAR. Námssamning-
urinn er gerður í fjórriti og sendur
meistara til undirritunar. Nemi og
meistari undirrita samninginn og senda
til baka. Þegar samningurinn hefur
verið staðfestur hjá ÍÐUNNI - fræðslu-
setri eru eintök nema og meistara send
til þeirra, eitt eintak er sent í skólann
og ÍÐAN heldur einu eintaki.

Ef nemi getur ekki lokið námi sínu
hjá meistararum verða þeir að rifta
námssamningnum formlega og
tilgreina ástæðu riftunar. Riftunar-
beiðni þarf að vera í þríriti, eintak
nema, eintak meistara og eitt eintak
fer til ÍÐUNNAR ásamt eintökum nema
og meistara af námssamningnum.

Sveinspróf

- Móttaka umsókna
- Skráning gagna
- Þjónusta við sveinsprófsnefndir

Sveinspróf eru haldin einu sinni til
tvisvar á ári og umsóknarfrestur er
auglýstur í dagblöðum.

Það er háð fjölda umsækjenda hvort
og hve oft sveinspróf eru haldin.

Umsóknum um sveinspróf ber að
skila til ÍÐUNNAR - fræðsluseturs fyrir
auglýstan umsóknarfrest ásamt
umbeðnum fylgigögnum.

Upplýsingar um sveinsprófin eru
settar á heimasíðu ÍÐUNNAR um leið
og þær liggja fyrir.

Um námskeið ÍÐUNNAR

Fjöldi þverfaglegra námskeiða af
ýmsu tagi er í boði hjá ÍÐUNNI. T.d. á

sviði stjórnunar og reksturs en einnig
hefur fjöldi félagsmanna sótt ýmis
grunnnámskeið í tölvunotkun sem eru
ódyr en jafnframt mjög vonduð. Að
auki gerði ÍÐAN sl. haust samning við
fjölbjóðlega fyrirtækið Autodesk þess
efnis að ÍÐAN tekur að sér að vera
viðurkenndur fræðsluaðili á hugbún-
aði þess en þeir framleiða m.a.
útbreiddustu hönnunarforrit sem í
notkun eru hérlandis.

Nánnar um þau svið sem tengjast
félagsmönnum í FIT beint.

Bygginga- og mannvirkjasvið ÍÐUNNAR

Eitt megin markmiði ÍÐUNNAR -
Byggingasviðs er að bjóða og/eða
bæta fræðslu í samræmi við þarfir og
eftirspurn fyrirtækja og starfsmanna í
byggingariðnaði. Því hefur félagið
unnið greiningartækni til að gera þessa
greiningu. Tæknin byggir á spurn-
ingum sem lagðar eru fyrir stjórnendur
og starfsmenn. Tölfræðiupplýsingar
sem fást þannig, byggja grunn sem
veita upplýsingar sem nýtast fyrirtæk-
inu og starfsmanninum til ákvörðunar
um starfsþjálfun og ÍÐUNNI til endur-
skoðunar á námskrá náms í bygginga-
iðngreinum og námskeiðum félagsins.

Ein af nýjungum á Bygginga- og
mannvirkjasviði er nám fyrir ófaglært
starfsfólk sem vinnur í byggingariðnaði.

Við mannvirkjagerð starfar fjöldi
manna sem ekki hefur iðnréttindi en
sinnir ýmsum sérhæfðum störfum og
gert er ráð fyrir að þeim fjölgi mikið á
næstu árum. Vegna aukinna krafna
atvinnulífsins er nú boðið upp á nám
sem byggir á starfsþjálfun og sérhæf-
ingu á vinnustað ásamt þátttöku á
námskeiðum. Þannig geta þeir náð
betra valdi á starfi sínu og starfs-
umhverfi og styrkt stöðu sína á vinnu-
markaði til framtíðar. Námið eflir
samkeppnishæfni og framleiðni fyrir-
tækja að sama skapi.

Málm- og véltækisvið ÍÐUN- NAR

Hlutverk málm- og véltækisviðs
ÍÐUNNAR er að aðstoða starfsmenn
og stjórnendur fyrirtækja í málm- og
véltækniðnaði við að byggja upp og
viðhalda nauðsynlegri þekkingu og
færni. Einnig á það þátt í starfsemi
starfsmenntaskóla á framhaldsskóla-
stigi í samvinnu við Starfsgreinaráð í
málm-, véltækni- og framleiðslu-
greinum.

Á sviðinu er boðið upp á námskeið í eftirtöldum flokkum:

- Tölvuteikning og hönnun í Inven-
tor.
- Rafmagnsfræði til undirbúnings
frekara náms í stýringum loftræsi-
kerfa, vökvakerfa og kælikerfa.
- Iðntölvur (PLC), forritun.
- Vökvatækni, grunnnámskeið og
rekstur vökvakerfa.
- Kælitækni, grunnnámskeið.
- Loftræsítækni, stillingar kerfa, stýr-
ingar, brunahönnun og hljóð-
tækni.
- Málmstuða, grunnnámskeið og
suðuþjálfun í fyrirtækjum, m.a. til
undirbúnings hæfnisvottunar.
- Málmsmíðar, rennismíði, fræsing
og meðferð CNC-stýrðra málm-
smíðavéla.
- Verkefnastjórnun fyrir málm- og
véltækniyrirtæki.

Flest námskeiðanna eru „færanleg“,
þ.e. fyrirtæki eða samfélög geta fengið
sérfræðinga til sín með námskeið og
ráðgjöf um þekkingaruppbyggingu.
Þetta hefur t.d. reynst mjög vel í málm-
stuðu og verkefnastjórnun. Á síðasta
ári hlutu um 200 einstaklingar suðu-
þjálfun í fyrirtækjum undir leiðsögn og
kennslu sérfræðings ÍÐUNNAR.

ÍÐAN er með aðsetur að Hallveig-
arstíg 1 og á Gylfaflöt 19. Starfsmenn
ÍÐUNNAR eru 16 talsins. Fram-
kvæmdastjóri er Hildur Elín Vignir.



Áhættumat á vinnustað

Stórt framfaraskref

Ný reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum hefur tekið gildi og hefur hún fengið númerið 920/2006. Markmið reglugerðarinnar er að tryggja að fyrir hendi sé kerfisbundið vinnuverndarstarf á vinnustöðum.

Samkvæmt reglugerðinni ber atvinnurekanda að gera skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað sem á að marka stefnu varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustaðnum.

Áætlunin skal m.a. fela í sér:

- Mat á áhættu í starfi með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna, svo kallað áhættumat
- Áætlun um heilsuvernd og forvarnir sem byggir á áhættumatinu
- Samantekt á helstu niðurstöðum áhættumats og áætlunar um heilsuvernd/forvarnir

Hvað er áhættumat?

Áhættumat er greining áhættuþátta á vinnustað og mat á líkum á því að starfsmaður verði fyrir heilsutjóni. Með öðrum orðum er um að ræða kerfisbundna athugun á vinnuaðstæðum til þess að finna hvort eitthvað í vinnuumhverfinu, vinnuskipulaginu eða við framkvæmd vinnunnar geti hugsanlega valdið slysum, óhöppum, vanlíðan, meiðslum, álagi eða öðru sem leitt getur til andlegs eða líkamlegs heilsutjóns.

Samvinna atvinnurekenda og starfsmanna

Atvinnurekandi velur í samráði við öryggistrúnaðarmann, öryggisvörð eða félagslegan trúnaðarmann þá aðferð sem henta þykir við gerð áhættumatsins, þ.e.a.s. aðferðin er valfrjál. Það þarf þó að vera tryggt að aðferðin nái að greina þau vandamál sem hugsanlega eru á vinnu-

staðnum. Gera þarf heildstæða könnun á vinnuaðstæðum þ.e. vinnuumhverfinu, vinnuskipulaginu og hvernig staðið er að vinnunni. Skoða þær aðferðir sem fólk notar við vinnuna svo og allar aðstæður og aðbúnað. Vinnuumhverfisvísar Vinnueftirlitsins sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar eru hjálplegir við þessa vinnu því að þar eru menn leiddir í gegnum þá þætti sem þarf að greina.

Hægt er fá ráðgjafa til aðstoðar

Ef niðurstöður áhættumatsins leiða í ljós sérstök vandamál sem þarf að leysa og ekki er nægjanleg þekking til staðar innan vinnustaðarins, þarf að leita út fyrir vinnustaðinn eftir utanaðkomandi fagþekkingu og ráðgjöf til aðstoðar við úrlausnir. Þessi staða getur komið upp í tengslum við mælingar af ýmsu tagi s.s. mælingar á hávaða, ómtíma, mengunarmælingar, lýsingu í vinnurými o.fl. Einnig við ýmsar aðrar kringumstæður t.d. þegar um er að ræða mikið eða óheppilegt líkamlegt eða andlegt álag, ef unnið er með hættuleg efni eða ef vélar og tæki eiga í hlut, t.d. ef um flókna tækni er að ræða.

Gera þarf úrbætur í samræmi við niðurstöður áhættumatsins

Þegar áhættumati er lokið þarf að útbúa áætlun um heilsuvernd og forvarnir. Þetta felur í sér að gerð er áætlun um úrbætur í samræmi við niðurstöður áhættumatsins. Bregðast þarf við bráðri áhættu strax og einnig skal bregðast strax við áhættu sem auðvelt er að draga úr eða koma í veg fyrir. Gerð er samantekt á helstu áhættuþáttum sem hafa greinst og til hvaða forvarna verði gripið til að tryggja öryggi og heilbrigði starfsmanna.



Áhættuþættir sem meta þarf á vinnustað.

UMSÓKN UM ORLOFSDVÖL SUMARIÐ 2007

UMSÓKNIR ÞURFA AÐ HAFA BORIST FYRIR 10. APRÍL

Fax: 5356020 - e-mail: skrifstofa@samidn.is

Nafn		Kennitala	
Heimili		Póstnúmer	
Vinnustaður		Sími (gsm)	

Hér fyrir neðan er gefinn kostur á að sækja um allt að 6 valmöguleika. Merkið með tölunni 1 sem fyrsta valkost en 2, 3, 4, 5 og 6 til vara. Skyggðir fletir tákna að húsið/tjaldvagninn er ekki til útleigu.

Vika nr.	→	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13
Upphafsdagur	→	1. júní	8. júní	15. júní	22. júní	29. júní	6. júlí	13. júlí	20. júlí	27. júlí	3. ágúst	10. ágúst	17. ágúst	24. ágúst
Lokadagur	→	8. júní	15. júní	22. júní	29. júní	6. júlí	13. júlí	20. júlí	27. júlí	3. ágúst	10. ágúst	17. ágúst	24. ágúst	31. ágúst
Klifabotn	A 21													
Akureyri	N 11													
Smárahlið 16e														
Akureyri	N 41													
Furulundur 10e														
Akureyri	N 43													
Furulundur 11a														
Akureyri	N 40													
Furulundur 6L														
Akureyri	N 42													
Borgarhlíð 5c														
Brekkuskógur nr. 8 og 10	S 31													
Ölfusborgir	S 11													
Hallskot Fljótshlíð	S 21													
Svignaskarð	V 11													
Skorradalur nr. 17 og 17a	V 23													
Skorradalur nr. 40	V 23													
Vogur á Mýrum	V 51													
Stóra Hof	S 41													
Stykkishólmur	V 31													
Þrastarskógur	V 71													
Úthlíð	S 52													
Djárnavegur 6														
Úthlíð	S 51													
Skógarás 1														
Illugastaðir	N 21													
Húsafell	V 61													
Birkilundur 2 og 3														
Húsafell	V 63													
Hvítárbrekkur 6														
Húsafell	V 61													
Kiðárbotnar 1														

-26 punktar

-36 punktar

-26 punktar

Sjá bakhlið>>>>>>

TJALDVAGNAR

Vika nr.	→		2	3	4	5	6	7	8	9	10	11		
Upphafsdagur	→		8. júní	15. júní	22. júní	29. júní	6. júlí	13. júlí	20. júlí	27. júlí	3. ágúst	10. ágúst		
Lokadagur	→		14. júní	21. júní	28. júní	5. júlí	12. júlí	19. júlí	26. júlí	2. ágúst	9. ágúst	16. ágúst		
Tjaldvagn	A 10													

-18 punktar

TILBOÐSFERÐ MEÐ SUMARFERÐUM

Athugið tilboðsferðin er eingöngu fyrir félaga úr Iðnsveinafélagi Suðurnesja þar sem atkvæðagreiðslu um sameiningu félaganna var ekki lokið þegar félagsmenn FIT áttu kost á þessu tilboði í febrúar s.l.

Að þessu sinni er boðið upp á 6 tilboðsferðir að eigin vali með Sumarferðum hf. Félagsmenn sækja um til félagsins og þeir sem fá úthlutað geta í framhaldinu framvísað staðfestingu hjá Sumarferðum og fengið 30.000.- króna lækkun á ferð til einhvers af áfangastöðum Sumarferða.

Tilboðsferð með Sumarferðum	
-----------------------------	--

Leiðbeiningar:

- ☐ Skyggðir fletir tákna að húsið/tjaldvagninn er ekki til útleigu.
- ☐ Fjöldi punkta í frádrátt kemur fram fyrir neðan töfluna .
- ☐ Vikuverð á húsi er **kr. 17.000** og tjaldvagni **kr. 13.500**.
- ☐ Tjaldvagnar eru leigðir frá föstudegi til fimmtudags.
- ☐ Umsóknir þurfa að hafa **borist skrifstofu eigi síðar en 10.apríl**. Ef umsóknin er send í pósti þarf að tryggja að hún berist í tæka tíð.
- ☐ Umsóknir í tölvupósti sendist til **skrifstofa@samidn.is** eða í fax **5356020**.

Umsóknir þurfa að hafa borist FIT í síðasta lagi 10. apríl

Félag iðn- og tæknigreina, Borgartúni 30, 105 Reykjavík

Sjá nánar á **www.felag.is** og **www.sumarferdir.is**

Verkefni sem aldrei lýkur

Áhættumatið sjálft þarf að yfirfara í hvert sinn sem breytingar verða á vinnuumhverfinu eins og sameining deilda, fjölgun deilda, nýjar vélar eða verkfæri eru tekin í notkun á vinnustaðnum. Einnig ef ný þekking kemur fram t.d. um hættuleg efni eða ef fram kemur ný tækni. Ef að vinnuslys verður skal alltaf endurskoða áhættumatið.

Áætlun um öryggi og heilbrigði skal fela í sér ferli stöðugra umbóta og því lýkur raunverulega aldrei. Þegar verkefnið hefst verður það hluti af vinnuverndarstarfi fyrirtækisins og allir starfsmenn og stjórnendur eiga að þekkja til áhættumatsins og tilgang þess.

Allir starfsmenn upplýstir

Áhættumatið og þær forvarnir sem gripið verður til á að kynna öllum starfsmönnum. Þær þarf einnig að kynna fyrir nýjum starfsmönnum. Það er verkefni fyrir atvinnurekanda, öryggisráðgjafarmenn og öryggisverði á vinnustaðum að yfirfara og viðhalda áhættumatinu og stuðla þannig að virku öryggis- og heilbrigðisstarfi allra á vinnustaðnum.

Kynningarstarf Vinnueftirlitsins

Vinnueftirlitið mun á þessu ári leggja mikla áherslu á kynningu. Stofnunin hefur að undanförunni staðið fyrir kynningarráðstefnum um áhættumat og forvarnir um land allt og hafa þær verið vel sóttar. Á heimasíðu Vinnueftirlitsins www.vinnueftirlit.is er að finna nýtt fræðslu- og leiðbeiningaefni um áhættumat og forvarnir á vinnustaðum. Sérstök námskeið eru í boði um gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustað. Eftirlitsmenn eru farnir í heimsóknnum sínum á vinnustaði að upplýsa og fylgja eftir nýmælum reglugerðarinnar.

Vinnueftirlitið væntir góðs samstarfs við fyrirtæki og samtök á vinnumarkaði um þessi mál.

Inghildur Einarsdóttir
Vinnuvistfræðingur M.Sc.
Deildarstjóri fræðslu
deildar Vinnueftirlits ríkisins



Þetta hús í Húsafelli kom inn með sameiningu við ISFS.

3200 manna félag

Sameining FIT og ISFS

Eins og flestir félagsmenn okkar vita efalaust þá hefur félagið okkar stækkað mikið með sameiningu við lðnsveinafélag Suðurnesja. Þann 5. febrúar kom kjörstjórn ISFS saman til talningar atkvæða í allsherjaratkvæðagreiðslu ISFS og FIT. Í stuttu máli var niðurstaðan sú, að af þeim sem þátt tóku samþykktu 79,9%, sem er að sjálfsögðu afgerandi niðurstaða. Hjá FIT var sameiningin samþykkt á 2 félagsfundum sem boðaðir voru með viku millibili. Samþykktar voru nauðsynlegar lagabreytingar s.s. fjölgun í stjórn og var algjör einhugur á báðum fundunum. Fyrstu áhrifin af sameiningunni er lækkun á þaki félagsgjaldsins en stjórnin hefur samþykkt að endurgreiða á næsta ári öll félagsgjöld ársins 2007 sem eru hærri en 33 þúsund. Þessi upphæð var 45 þúsund fyrir árið 2006 svo þarna er um veruleg samlegðaráhrif að ræða.

Með sameiningunni fjölgaði sumarhúsunum úr 21 í 25 en við bætast hús í Þrastaskógi sem er nýlega uppgert, nýtt hús í Húsafelli og nýlegt hús í Úthlíð. Auk þessa bætist enn í húsakostinn á Akureyri en inn kemur stór og mikil íbúð í raðhúsi í Furulundi. Öll þessi hús eru stórglæsileg, rúmgóð og vel búin tækjum. Á hinn bóginn er ljóst að stjórnin þarf að fara að huga að endurnýjun og viðhaldi á nokkrum húsum í eigu félagsins og einnig er spurning hvort ekki er rétt að huga að sölu á a.m.k. einni íbúð á Akureyri. Með stöðugri aukningu félagsmanna víðsvegar að af landsbyggðinni eins og verið hefur undanfarin ár er einnig orðin spurning um hvenær en ekki hvort festa verður kaup á íbúð í Reykjavík til að auka þjónustu.


Nýjir félagsmenn á Suðurnesjum eru boðnir hjartanlega velkomnir í félagið.

GÓÐ ÁVÖXTUN

NAFNÁVÖXTUN 19,6% OG RÉTTINDI SJÓÐFÉLAGA HÆKKUÐ

Góð ávöxtun var hjá Sameinaða lífeyrissjóðnum á árinu 2006. Nafnávöxtun var 19,6% sem jafngildir 11,8% raunávöxtun. Þessi árangur skýrist m.a. af mikilli hækkun á erlendum hlutabréfum í eigu sjóðsins en þau hækkuðu um 39,8%, sem er 3,2% umfram hækkun heimsvísitölu Morgan Stanley. Þá var ávöxtun innlendra hlutabréfa sjóðsins í félögum sem skráð eru á aðallista Kauphallar Íslands 17,4%, og var það einnig nokkuð yfir vísitöluhækkun þessara félaga á árinu.

Skipting verðbréfaeignar 31.12. 2006



Helstu niðurstöður ársreiknings 2006

	2006	Breyting frá 2005
lögjöld	4.392 millj. kr.	+10,1%
Lífeyrisgreiðslur	2.100 millj. kr.	+10,5%
Fjárfestingartekjur umfram fjárf.gjöld	14.257 millj. kr.	+40,5%
Rekstrarkostnaður	99 millj. kr.	+5,4%
Rekstrarkostnaður sem hlutfall eigna	0,11%	-14,2%
Hrein eign til greiðslu lífeyris	88.373 millj. kr.	+22,9%

Réttindi hækkuð

Í ljósi sterkrar stöðu sjóðsins hefur stjórn hans samþykkt að hækka áunninn lífeyrisrétt í aldursdeild um 8% frá 1. janúar 2007. Samtals hefur því lífeyrisréttur deildarinnar hækkað um 15% á tveimur árum, þar sem réttindin voru hækkuð um 7% frá upphafi árs 2006.

Góð ávöxtun séreignarsparnaðar

Ávöxtun fjölbreyttra ávöxtunarleiða Sameinaða lífeyrissjóðsins í séreignarsparnaði var einnig mjög góð á árinu. Hækkunin var mest á innlendum og erlendum hlutabréfum og nutu því þær ávöxtunarleiðir sem hafa hátt hlutfall þeirra í fjárfestingum sínum mestrar hækkunar. Þannig var t.d. nafnávöxtun Aldursleiða 1-5 á bilinu 12,8% til 20,0%. Hæst var hins vegar ávöxtunin í Evrópskum vísitölusjóði hlutabréfa eða 51,6%.

